

10. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn miðvikudaginn 4. mars kl. 17:00 á gámasvæði Hrunamannahrepps og Bryðjuholti.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

Einnig sat fundinn Marta Esther Hjaltadóttir, Jón Eiríksson sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

- 1. Staða umhverfismála, heimsókn á gámasvæðið.**
- 2. Endurvinnsla á heyrúlluplasti.**
- 3. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, undirbúningur.**
- 4. Grænfánaverkefni.**
- 5. Bætt samráð og samstarf við sveitarstjórn og stjórnendur Hrunamannahrepps.**

1. Staða umhverfismála, heimsókn á gámasvæðið.

Svæðið skoðað og Jón fór yfir helstu breytingar og áskoranir. Búið er að merkja svæðið vel og umgengni hefur batnað. Fyrstu mánuðir Jóns í starfi hafa gengið vel og lýsir nefndin ánægju með það. Huga þarf koma upp góðum römpum fyrir gáma til að bæta aðstöðuna en frekar.

2. Endurvinnsla á heyrúlluplasti.

Umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að tryggja það að allt heyrúlluplast sem safnast saman í hreppnum verði komið til endurvinnslu innanlands. Innlend endurvinnsla lækkar kolefnispor vinnslunar til muna þar sem fluttningar eru minni og orkugjafar sem notaðir eru við vinnslu endurnýtanlegir. Einnig stuðlar það að innlendri verðmætasköpun og hjálpar landbúnaðinum að draga úr kolefnisspori greinarinnar sem skiptir máli fyrir jafn stórt landbúnaðar hérað eins og Hrunamannahreppur er.

3. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, undirbúningur.

Nefndin fjallaði um verðlaunin og ætlar að halda áfram að veita umhverfistrósið eins og gert var í fyrra ásamt hinum hefðbundnu verðlaunum. Ákveðið er að auglýsa aftur eftir tilnefningu og koma í apríl Pésan. Tilnefningum þyrfti að skila í byrjun maí.

4. Grænfánaverkefni.

Nefndin ræddi kosti og galla þess að skólar í sveitinni myndu fara í Grænfánaverkefnið sem Landvernd stendur að. Nefndin er jákvæð fyrir þessu verkefni og væri gaman ef skólarnir myndi athuga hvort verkefnið væri eitthvað sem þau myndu vilja taka þátt í.

5. Bætt samráð og samstarf við sveitarstjórn og stjórnendur Hrunamannahrepps.

Umhverfisnefnd lýsir yfir óánægju sinni með lítið samráð og samskipti af hálfu sveitarstjórnar. Ítrekað eru teknar ákvarðanir er varðar málaflokk umhverfismála án þess að málin séu kynnt fyrir fulltrúum umhverfisnefndar. Óskað er eftir að upplýsingaflæði verði bætt og umhverfisnefnd verði verði höfð með í ráðum er varðar ákvörðunartöku er snertir umhverfismál.

Fundi slitið 19:00